ÞAÐ ER BÚIÐ AÐ VELJA...

...SSANGYONG REXTON ER JEPPI ÁRSINS!

FRUMSÝNING 12. JANÚAR

Mikil eftirvænting ríkti þegar eitt virtasta fagrit bílamarkaðarins, 4x4 Magazine, tilkynnti sigurvegarann í flokki fjórhjóladrifinna jeppa í valinu um bíl ársins.

Samkeppnin í þessum flokki hefur aldrei verið jafn hörð og margir voru tilnefndir, m.a. Toyota Land Cruiser, Mercedes Benz G-Class, Mitsubishi Pajero, Jeep Wrangler og Skoda Kodiaq.

Niðurstaða dómnefndar, sem skipuð var bílagagnrýnendum hvaðanæva að úr Evrópu var hinsvegar skýr; SsangYong Rexton skarar framúr með hæstu einkunn bæði sem besti jeppinn og bestu kaupin, og hlaut því titilinn 4x4 Jeppi ársins.

Nú bjóðum við þér að kynnast Rexton, nýja 7 manna lúxusjeppanum frá SsangYong. Hugsanlega velur þú hann líka sem bíl ársins fyrir þig.

4X4 OF THE YEAR
AWARDED BY 4X4 MAGAZINE

4x4 Magazine WINNER OF BEST VALUE

4x4 Magazine WINNER OF BEST OFF-ROADER

4x4 Magazine

„Það kemur skemmtilega á óvart hversu góður nýji Rexton jeppinn er. Samspilið af búnaði, hönnun, notagildi og framleiðslugæðum er ekkert annað en magnað; og væri það jafnvel þótt hann kostaði tvisvar til þrisvar sinnum meira. Samkeppnin um titilinn 4x4 Jeppi ársins var harðari í ár en nokkru sinni fyrr, og það segir sitt að Rexton hafi unnið þann titil. SsangYong selst ekki lengur bara út á gott verð. Sjálfstraustið sem fyrirtækið hefur öðlast með framleiðslu sinni gefur fyrirheit um bjarta framtíð, og Rexton jeppinn er skýrasta dæmið um þetta.“

The Sentinel

„5 stjörnur af 5 mögulegum. Hvernig kæmi nokkuð annað til greina? Á tiltölulega stuttum akstri varð ég yfir mig hrifinn af hve góður bíllinn er og hversu gríðarlegar framfarir hafa orðið í hönnun og gæðum hjá SsangYong. Um leið og maður opnar dyrnar gerbreytir Rexton þeirri ímynd sem maður hafði af SsangYong. Eftir meira en 25 ár í þessu starfi er ennþá eitthvað sem kemur manni á óvart. Meira svona!“

Má bjóða þér sæti?

Ekkert var til sparað við hönnun nýs SsangYong Rexton, enda markmiðið að búa til besta bílinn í sínum flokki. Og það tókst! Nýr Rexton er öruggari, rúmbetri og fallegri en nokkru sinni fyrr.

Einstaklega vel heppnuð innrétting tryggir að allir farþegar njóta ferðalagsins hvar sem þeir sitja. Sætin eru klædd mjúku Nappa-leðri sem fæst í mismunandi litum. Hiti er í tveimur fremri sætaröðum, en fremstu sætin eru jafnframt búin loftkælingu.

The Car Expert

„SsangYong hefur bætt Rexton jeppann að því marki að hann kemur skemmtilega á óvart, sérstaklega þegar komið er inn í bílinn. Bíllinn skorar einnig hátt þegar kemur að staðalbúnaði, ekki síst öryggisbúnaði.“

Automotive World

„Hann sópar samkeppninni til hliðar“

Automotive Blog UK

„Nýi Rexton jeppinn er stórt skref fram á við fyrir SsangYong. Falleg hönnun, þéttur og þægilegur í akstri og mikill togkraftur. Bíllinn getur tekist á við ófærur sem tvisvar sinnum dýrari jeppar frá þekktum framleiðendum myndu stöðva við.“

Sterkur og öruggur

Rexton er einn fárra jeppa í dag sem byggður er á grind, með læstum millikassa og lágu drifi. Hann er hlaðinn vandaðasta tæknibúnaði og þægindum sem láta mun dýrari jeppa blikna í samanburði. „Quad Frame“ grindin minnkar hljóð bæði frá vegi og vélarrúmi. Hún er hönnuð með það í huga að auka öryggi farþega við árekstur.

Fjórar myndavélar á bílnum gera ökumanni auðveldara að athafna sig hvort sem verið er að leggja bílnum í stæði eða bakka kerru að sumarbústaðnum. Hliðarspeglar aðlaga sig sjálfkrafa að breyttri akstursstefnu ef bíllinn er settur í bakkgír, til að bæta enn frekar útsýni ökumanns. Níu loftpúðar og ytra byrði sem búið er sérstaklega hertu stáli hámarkar öryggi bæði ökumanns og farþega.

Byggður á grind

Tryggir minna veg- og vélarhljóð. Eykur öryggi og þægindi.

Sjálfstæð fjöðrun eykur rásfestu

Sjálfstæð fjöðrun á hverju hjóli gerir aksturseiginleika Rexton á ójöfnu undirlagi einstaka.

Flestir loftpúðar í sínum flokki

1 Ökumaður l **2** Hné ökumanns l **3** Farþegi l **4** og **5** hliðarpúðar fyrir ökumann og farþega
6 og 7 hliðarpúðar fyrir aftari sæti l 8 og 9 gardínu loftpúðar

7 þrepa sjálfskipting frá Mercedes Benz

Hátt og lágt drif með læsingu í millikassa

Sjálfvirk öryggiskerfi



Akreinavari, sjálfvirk neyðarhemlun, fjarlægðarskynjarar, skiltagreining o.fl.

420 Nm tog á 1600-2600 RPM

Vökvafylltir mótorpúðar lámarka titring frá vél

9“ skjár með íslensku leiðsögukerfi og 360° myndavél

Apple Carplay og Android Auto

Kraftmikill, lipur og klár

Með mikilli dráttar- og drifgetu ásamt fallegri hönnun bæði að utan og innan sameinar SsangYong Rexton kosti vinnuþjarksins og borgarbílsins betur en nokkur annar. Hvort sem skjótast þarf milli vinnu og skóla í dagsins önn eða út fyrir bæinn með stærstu gerð af kerru í eftirdragi leysir Rexton verkefnið af öryggi. Þú getur hvenær sem er skipt úr afturhjóladrifi yfir í fjórhjóladrif, hvort sem er hátt eða lágt, eftir aðstæðum. Með öflugri en sparneytinni diesel vél og sjálfskiptingu frá Mercedez Bens er dráttargetan heil þrjú tonn, sú mesta í þessum flokki jeppa. Sjálfvirkt aksturssstoðkerfi með akreinavara og öðrum snjöllum lausnum gerir ferðalagið að enn betri upplifun.

The Irish News

„Sterkur, notadrjúgur og furðulega þægilegur, SsangYong Rexton býður dráttarkraft sem á sér enga hliðstæðu. Ef maður skoðar allt sem maður fær, og svo þetta verð, þá er SsangYong Rexton ósigrandi af þeirri einföldu ástæðu að hann á enga nýja samkeppnisaðila."

The Guardian

„SsangYong Rexton er klárlega sigurvegarinn í sínum flokki."

Honest John UK

„Hjólhýsaeigendur þurfa ekki að velta vöngum, og þeir sem þurfa að toga stóra hestakerru þurfa ekki að leita lengra. Fyrir þá sem þurfa sjö-sæta bíl með alvöru torfærueiginleikum þá er Rexton málið."

Rafmögnuð framtíð

SsangYong mun taka fullan þátt í rafbílavæðingunni og hyggst fjárfesta fyrir 400 milljarða króna í vöruþróun á næstu árum. Fyrirtækið ætlar sér að verða leiðandi í flokki fjórhjóladrifinna rafmagns-jeppa, og miðað við viðtökurnar á nýjum Rexton er full ástæða til bjartsýni. Suður Kóresk fyrirtæki eru í dag leiðandi á ýmsum sviðum tækninýjunga, og má þar nefna Samsung og LG sem dæmi. Það verður því spennandi að fylgjast með og taka þátt í rafbílavæðingu SsangYong.

SsangYong e-SIV

Margir muna eftir Musso jeppanum trausta, enda tengist hann sögu SsangYong á Íslandi síðustu tuttugu árin. Nýr Musso sem frumsýndur verður síðar á árinu er hinsvegar pallbíla-útgáfa af nýjum SsangYong Rexton, og að flestu leiti með sama búnaði. Nýr SsangYong Musso pallbíll rúmar fimm fullorðna, með þriggja tonna dráttargetu og þolir heilt tonn af hleðslu. Með ríkulegum staðalbúnaði og fjölbreyttu úrvali aukahluta er næsta víst að nýr SsangYong Musso mun eignast fjölda aðdáenda í flokki pallbílaunnenda.

SsangYong Musso

SsangYong - fjórhjóladrifin fjölskylda

Suður Kóreski bílaframleiðandinn SsangYong á sér langa sögu og rekur uppruna sinn allt til ársins 1954. Nafnið þýðir „Tveir drekar" og varð til við samruna tveggja fyrirtækja í eitt öflugt. SsangYong hefur frá fyrstu tíð notið virðingar fagmanna fyrir tæknilegar lausnir og framúrstefnulega hönnun. Fyrirtækið hefur þá sérstöðu að framleiða svo til eingöngu jeppa, en það er sá flokkur bifreiða sem hefur verið í hvað örustum vexti á heimsvísu á undanfarin ár. Gott úrval fjórhjóladrifinna bíla hefur ekki síst átt mikinn þátt vinsældum SsangYong á Íslandi, og var stór þáttur í þeirri ákvörðun að Bílabúð Benna hóf innflutning á vörumerkinu á sínum tíma með eftirtektarverðum árangri. Síðan þá hefur fyrirtækinu vaxið fiskur um hrygg og er SsangYong nú með söluaðila í 126 löndum.

Uppgangur SsangYong fékk mjög svo aukinn kraft með tilkomu Tivoli sportjeppans, sem hefur slegið rækilega í gegn og heillað nýja markhópa, enda frábærlega hannaður og hentugur fjölskyldubíll. SsangYong býður jafnframt hinn fjölhæfa Korando jeppling, sem eru allir vegir færir. Á toppnum trónir svo konungurinn Rexton, sem við fjöllum sérstaklega um í þessu blaði, enda um frumsýningu að ræða.

SsangYong eigendur eru ánægðastir!

Árlega stendur Honest John fyrir ánægjukönnun á breska bílamarkaðnum; „The Honest John Satisfaction Index". Þar gefa bíleigendur bílum sínum einkunnir fyrir aksturseiginleika, hagkvæmni í rekstri og áreiðanleika. Niðurstaðan í könnuninni, sem 10.000 breskir bíleigendur tóku þátt í að þessu sinni, liggur nú fyrir og trónir Ssang Yong á toppnum. Könnunin leiddi m.a. í ljós að SsangYong eigendur voru líklegastir svarenda til að gefa bílunum sínum hæstu mögulegu einkunn.

SsangYong Korando 4x4

SsangYong Korando 4x4 - dráttarbíll ársins í sínum flokki

SsangYong Tivoli 4x4

SsangYong Tivoli 4x4 - frábærlega hannaður fjölskyldubíll

SSANGYONG

Þér er boðið á frumsýningu á nýjum SsangYong Rexton laugardaginn 12. janúar í sýningarsal okkar að Krókhálsi 9, milli kl. 12 og 16.

Frumsýning í Reykjanesbæ 19. janúar

Kíktu í heimsókn á ssangyong.benni.is

Reykjavík	Reykjanesbær	Bílaríki, Akureyri
Krókháls 9	Njarðarbraut 9	Glerárgötu 36
Sími: 590 2020	Sími: 420 3330	Sími: 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði og búnaði.